

Nr. 093 / 09 Æðruleysi HF 36**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 5990
Smíðaður: Hafnarfirði 1979 plast
Stærð: 2,17brl. 3,71 bt.
Mesta lengd: 7,43 m Skráð lengd: 7,33 m
Breidd: 2,23 Dýpt: 0,7 m
Vél: Bukh 17,6 kW 1989
Fjöldi skipverja: 2



Gögn:
Gögn RNS

Æðruleysi©NN

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. júlí 2009 var Æðruleysi HF 36 á siglingu á Viðeyjarsundi. Veður: Hægviðri.

Á siglingunni stöðvaðist vélin skyndilega og fékkst ekki í gang aftur. Bátsverjar óskuðu eftir aðstoð og farþegabáturinn Gestur dró Æðruleysi HF til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að rafmagnsáðrepara sló inn og festist með þeim afleiðingum að vélin drap á sér og fór ekki í gang;
- að þegar vélin er í gangi er ekki straumur á spólu ádreparans en til að drepa á henni er straumi hleypt á hana. Ekki er ljóst hvernig það vildi til að henni sló inn en grunur var á að það tengdist mögulega lofti á olíukerfi. Nýlega var skipt um olíulögn frá olútanka að vél.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.